



REACH OG INNFLUTNINGUR Á EFNAVÖRU

DÆMI: INNFLUTNINGUR Á ÞVOTTAEFNI

REACH gengur út á að skrá og áhættumeta öll efni og efnasambönd sem eru framleidd eða flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið í meira magni en 1 tonn á ári, með ákveðnum undantekningum þó. Skrá skal efni og efnasambönd en ekki efnablöndur, þ.e. ef um er að ræða þvottaefni þá skal skrá skráningarskyld innihaldsefni þess en ekki þvottaefnið sjálf.

Þeir sem hafa skráningarskyldum að gegna eru framleiðendur og innflytjendur frá löndum utan EES, sbr.

- Ef efnið er framleitt innan EES þá skal framleiðandi þess skrá efnið.
- Ef efnið er flutt inn frá löndum utan EES koma tveir möguleikar til greina varðandi skráningu:
 1. Framleiðandi utan EES getur skipað fulltrúa (Only representative), staðsettan innan EES, sem sér um að skrá efnið sem á að fara á Evrópumarkað.
 2. Ef framleiðandinn skipar ekki fulltrúa til að skrá vörur sínar fyrir Evrópumarkað þá liggur skráningarskyldan hjá innflytjandanum.

Innflytjandi þvottaefnis frá Kína þarf því að ganga úr skugga um hvort framleiðandinn hafi fulltrúa á EES svæðinu sem skráir skráningarskyld innihaldsefni þess, því ef það hefur ekki verið gert liggur skráningarskyldan hjá innflytjandanum. Ef þvottaefni er flutt inn til Íslands frá löndum innan EES þarf íslenski innflytjandinn eingöngu að kalla eftir upplýsingum um skráningu innihaldsefna frá framleiðanda. Efni eru skráð hjá Efnastofnun Evrópu í Helsinki.

Ef aðili hefur skráningarskyldum að gegna þarf hann m.a. að:

- Forskrá skráningarskyld efni en það fór fram á tímabilinu 1. júní – 1. des. 2008.
- Taka þátt í upplýsingahópi (SIEF) sem er myndaður utan um hvert forskráð efni. Upplýsingahópurinn skilar inn sameiginlegu áhættumati en auk þess þarf hvert fyrirtæki að senda inn skráningu fyrir sig þar sem fram koma upplýsingar um magn og notkun efnisins.
- Flokka og merkja skv. reglum.
- Útbúa öryggisblöð fyrir efnið/efnavöruna ef það er í ákveðnum hættuflokkum. Fyrir slík efni sem framleidd eru eða flutt inn á Evrópska efnahagssvæðið í meira magni en 10 tonn á ári er nú gerð krafa um gerð efnaöryggisskýrslu en í henni eru skráðar niðurstöður úr sérstöku efnaöryggismati.

Dreifandi vörunnar ber ábyrgð á að varan sé varúðarmerkt sbr. ákvæði í REACH-reglugerðinni og rg. 236/1990. Ef varan er seld til atvinnurekstrar er þess krafist að öryggisblöð fylgi með. Efni sem aðeins eru seld í smásölu þurfa að vera varúðarmerkt (ef við á) og vert að benda á að ný reglugerð um flokkun og merkingu verður innleidd árið 2010. Frekari upplýsingar er að finna á upplýsingasíðu um REACH á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/efniogefnavorur/REACH/>.